

Nr. 22 - 038 S 030 Jón Magnús RE 221**Vélavana**

Skipaskr.nr. 7534
Útgerð: Víkurbílar ehf.
Smíðaður: Knörr ehf, 2003, trefjaplast.
Stærð: 2,31 BT
Mesta lengd: 6,86 m Skráð lengd: 5,87 m
Breidd: 2,16 m Dýpt: 1,51 m
Vél: Volvo Penta, 133,70 kW, 2003.
Fjöldi skipverja: 1



Jón Magnús©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. október af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. maí 2022 var Jón Magnús á siglingu fyrir utan Hafnarfjörð. Veður: NA 6-8 m/sek.

Á siglingunni varð báturinn vélavana og óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Fiskaklettur kom á staðinn og dró bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom eftirfarnandi fram:

- Bilun kom upp í vélinni en stilliskrúfa á rokkerarmi losnaði upp og leiddi til þess að stimpill og slíf skemmdust.
- Skipverjinn hafði ekki lokið öryggisfræðslu en frestur Samgöngustofu til þess að sækja námskeið rann út í september 2020. Hann hefur verið skráður á bátinn óslitið frá 8. júní 2020.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.